

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0056
LA

Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár á Jökuldal í Múlaþingi

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 25. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Arctic Hydro um rannsóknarleyfi vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Gilsá á Jökuldal í Múlaþingi.

Gert er ráð fyrir að rannsóknir miðist meðal annars við rennslismælingar, landmælingar, athuganir á hentugum staðsetningum mannvirkja, rannsóknum á jarðlögum og jarðefnum (s.s. könnunargryfjur og kjarnaboranir), skráningu á náttúru- og menningarminjum innan rannsóknarsvæðisins. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára. Öllu raski, t.d. vegna könnunargryfja og borhola, verður haldið í lágmarki og gengið frá landinu í sem næst upprunalegu horfi strax að rannsóknum lokum. Ekki er gert ráð fyrir lagningu vegslóða í tengslum við rannsóknir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér rannsóknir og rannsóknaráætlun í umsókn Arctic Hydro.

Gilsárgil er klettagil í berglagastafla frá síð-míósen tíma. Ofan á berglögum sunnan við gilið er þykkur jökulruðningur, líklega frá síðasta jökulskeiði. Í giliinu eru tveir fossar, Dimmifoss og Lambafoss, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Litlar náttúrufarsrannsóknir eru til um Gilsárgil og nánasta umhverfi þess. Jökuldalsheiði, vestan og sunnan við Gilsárgil, er á tillögu Náttúrufræðistofnunar um B-hluta svæði á náttúruminjaskrá vegna ferskvatnsvistgerða (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/austurland/jokuldalsheidi>). Gilsárgili er lýst í Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (<https://geo.alta.is/nms/>)

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við útgáfu rannsóknarleyfis vegna mögulegrar vatnsaflsvirkjunar í Gilsá. Stofnunin gerir ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur þess verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

